

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur (MOF) f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og ASSITEJ á Íslandi kt. 510491-1149 gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

Um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við ASSITEJ á tímabilinu 1.1.2019 – 31.12.2020

1. gr. Markmið

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við ASSITEJ er að til styðja menningar- og listuppeldi barna í Reykjavíkurborg og tryggja samfelli og framþróun í sviðslistahátið ætlaðri börnum.

2. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur MOF ASSITEJ til í beinum fjárfamlögum kr.:

- 2.000.000 árið 2019
- 2.000.000 árið 2020

Árið 2019 greiðist upphæðin í tveimur jöfnum greiðslum eða 1.000.000 1.-3. mars og 1.-3. júní og árið 2020 greiðist upphæðin í tveimur greiðslum eða 1.500.000 1.-3. febrúar og 500.000 1.-3. apríl. Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 0537-26-342747

3. gr. Framlag og markmið ASSITEJ

ASSITEJ á Íslandi skipuleggur EGGIÐ 2019 – röð viðburða fyrir fagfólk til að efla sviðslistir fyrir unga áhorfendur og UNGA 2020 – alþjóðlega sviðslistahátið ASSITEJ fyrir unga áhorfendur.

ASSITEJ eru alþjóðleg samtök sviðslistafólks sem gerir leikhús fyrir börn og ungt fólk. Nafnið er sammstöfun á franska heiti samtakanna sem er: Association Internationale du Théâtre pour l'Enfance et la Jeunesse. Hlutverk ASSITEJ á Íslandi er að standa vörð um sviðslistir fyrir unga áherfendur og styðja við listafólk sem starfar á þeim vettvangi. Samtökin beita sér fyrri samstarfi og þróun. Sviðlistahátiðin UNGI í Reykjavík gegnir þar lykilhlutverki og verkefnið EGGIÐ.

Markmið UNGA og EGGSINS er:

- að standa vörð um sviðslistir fyrir unga áhorfendur
- að beita sér fyrir samstarfi og samskiptum listafólks og leikhúsa innanlands sem utan og stuðla þannig að listrænni þróun
- að bjóða upp á fleiri og fjölbreyttari viðburði bæði fyrir unga áhorfendur og fagfólk í sviðslistum á næstu tveimur árum
- að bjóða upp á ókeypis sýningar í hæsta gæðaflokki fyrir fjölskyldur en auk þess að stórefla stuðning við fagfólk sem vill gera sviðslistir fyrir unga áhorfendur
- að auka framboð á vönduðu fræðsluefn tengdu sviðslistasýningum fyrir unga áhorfendur

ASSITEJ eru í eðli sinu mannúðar- og sjálboðaliðasamtök þar sem mikil áherlsa er lögð á jafnrétti á öllum sviðum. Þetta endurspeglast bæði í verkefnnavali og áherslum til dæmis varðandi miðlun viðburða út í skólana.

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar
30 JAN. 2019
Málsnr.: RMF 18120003
Skjalaflokkur: 3.1.3



4. gr. Ábyrgð

ASSITEJ ber ábyrgð á að starfsemi þess fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. ASSITEJ ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. ASSITEJ er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

5. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni ASSITEJ, jafnt innanlands sem utan, skal koma fram að ASSITEJ sé styrkt af Reykjavíkurborg og birtir ASSITEJ auðkennismerki Reykjavíkurborgar í því skyni. Hægt er að nálgast merki borgarinnar á www.reykjavik.is/skjaldamerki-reykjavikur. Tengja má ferðavefsvæði Reykjavíkurborgar www.visitreykjavik.is við vefi MR til að kynna Reykjavík sem best sem menningarlegan áfangastað.

6. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofustjóri menningarmála á menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við ASSITEJ. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í mars 2020 og 2021, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og mat lagt á síðasta starfsár.

7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telur ASSITEJ hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er heimilt að fella niður greiðslur þar til ASSITEJ hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

8. gr. Gildistími


Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar-, íþróttu og tómstundaráðs þann 10. desenber 2018 um styrki og samstarfssamninga ráðsins. Samningurinn gildir til 31. desember 2020. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóma eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt menningar-, íþróttu og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar og borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík 29. janúar 2019

F.h. Reykjavíkurborgar



F.h. ASSITEJ á Íslandi

